

Katrín Gunnarsdóttir

Fædd 25. janúar 1941
Dáin 10. nóvember 2026

Útför frá Þingeyrarkirkju laugardaginn 21. nóvember 2026

Forspil

Adagio í G-minor (Albinoni)

Bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti' af sæld og þraut
sér til þess að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann sem er mér allar stundir nærri
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á
svo að ég af hjartaþeli hreinu
hvað sem mætir geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.



Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal
óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.





Ritningarlestur

Í bljúgri bæn og þökk til þín
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð, leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn
að verðir þú æ Drottinn minn.

Guðspjall

Eigi stjörnum ofar
á ég þig að finna,
meðal bræðra minna
mín þú leitar, Guð.

Nær en blærinn, blómið,
barn á mínum armi,
ást í eigin barmi,
ertu hjá mér, Guð.

Hvar sem þrautir þjaka
þig ég heyri biðja:
Viltu veikan styðja,
vera hjá mér þar?

Já, þinn vil ég vera,
vígja þér mitt hjarta,
láta ljós þitt bjarta
leiða, blessa mig.

Minningarorð

Kveðja

Gunnar

Heyr mína bæn, mildasti blær,
berðu kveðju mína' yfir höf,
syngdu honum saknaðarljóð.
Vanga hans blítt vermir þú sól,
vörum mjúkum kysstu hans brá,
ástarorð, hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar
ykkar fegursta ljóðaval,
flytjið honum í indælum óði
ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd,
blítt þú vaggar honum við barm
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa, saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrár.

Syngið þið fuglar
ykkar fegursta ljóðaval,
flytjið honum í indælum óði
ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd,
blítt þú vaggar honum við barm
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa, saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrár.

Bæn - Faðir vor

Kveðja

Vilborg



Megi gæfan þig geyma,
megi Guð þér færa sigurlag,
megi sól lýsa þína leið,
megi ljós þitt skína sérhvern dag.
Og bænar bið ég þér
að ávallt geymi
þig Guð í hendi sér.

Verði greiðfær þín gata,
gefist byr er leiki við þig hlýtt,
fjörgi geislar sólar svipinn þinn,
svali regn og akra vökvi blítt.
Uns aftur hittumst við, þín ávallt gæti
Guð lífs í lófa sér.

Moldun



Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég veit minn ljúfur lifir
lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf víst til bjó.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll þá þú vilt.

Blessun

Eftirspil

Liljan

Aðstandendur þakka samúð og vinarhug og bjóða kirkjugestum
að þiggja veitingar í Félagsheimilinu á Þingeyri að athöfn lokinni.

Prestur: sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir
Meðhjálpari: Margrét Guðjónsdóttir
Tónlist: Jóngunnar Biering Margeirsson
Söngur: Kór Þingeyrarkirkju